

Sveitarstjórn Dalabyggðar
Miðbraut 11
370 Búðardal

Dagsetning: 6. maí 2024

Efni: Tillaga um viðræður um sameiningu skv. 119. gr. sveitarstjórnarlaga

Í desember 2025 ákváðu sveitarstjórnir Dalabyggðar og Húnaþings vestra að skipa verkefnisstjórn til að leiða óformlegar viðræður um sameiningu sveitarfélaganna og vinna mat á því hvort fýsilegt er að hefja formlegar viðræður um sameiningu skv. 119. gr. sveitarstjórnarlaga sem lyki með íbúakosningu.

Í verkefnisstjórnina skipuðu sveitarstjórnir sveitarfélaganna tveggja hvort sína tvo fulltrúa. Fulltrúar Dalabyggðar voru Ingibjörg Þóranna Steinudóttir og Skúli Hreinn Guðbjörnsson en Magnús Magnússon og Magnús Vignir Eðvaldsson sátu í verkefnisstjórn fyrir Húnaþing vestra. Magnús Magnússon var kjörinn formaður. Björn Bjarki Þorsteinsson sveitarstjóri Dalabyggðar og Unnur Valborg Hilmarsdóttir sveitarstjóri Húnaþings vestra störfuðu með verkefnisstjórninni og samið var við KPMG um verkefnisstjórnun og ráðgjöf.

Verkefnisstjórn um óformlegar sameiningarviðræður Dalabyggðar og Húnaþings vestra hefur greint stöðu sveitarfélaganna og sameiginlega hagsmuni íbúa þeirra. Verkefnisstjórnin fundaði fjórum sinnum á verkefnistímanum og haldnir voru samráðsfundir með íbúum sveitarfélaganna dagana 8. og 9. apríl 2025 þar sem verkefnið var kynnt og leitað eftir sjónarmiðum íbúa.

Það er mat verkefnisstjórnar að sameining sveitarfélaganna sé valkostur sem ætti að skoða betur í formlegum sameiningarviðræðum skv. 119. grein sveitarstjórnarlaga og gefa íbúum tækifæri til að kjósa um. Verkefnisstjórn leggur til við sveitarstjórnirnar að skipuð verði samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna skv. 119. grein laganna og að stefnt verði að kosningum um sameiningu í desember 2025.

Forsendur niðurstöðu verkefnisstjórnar er að finna í fylgiskjali með bréfi þessu.

Fyrir hönd verkefnisstjórnar,

Magnús Magnússon, formaður